

15 Aðalskoðun á verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðum skal venjulega fara fram fjórða hvert ár. Þó skal aðalskoðun á fólkslyftum venjulega fara fram árlega.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24, 7. maí 1928 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1934.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

16
27. jan.

REGLUR

fyrir styrkveitingu, er geri blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps.

1. gr.

Samkvæmt ályktun Alþingis 7. desember 1933 hefir ríkisstjórnin ákveðið að Blindravinafélagi Íslands skuli greiddar á árinu 1933 1500 kr. til þess að gera fátækum blindum mönnum hægara fyrir að hagnýta sér útvarp. Skal upphæð þessi lögð í sérstakan sjóð, er nefnist „Útvarpsnotasjóður blindra“. Sjóði þessum skal verja til greiðslu afnotagjalds útvarps fyrir fátæka blinda menn, sem hafa sérstakt heimili, en því næst á hvern þann annan hátt, er gerir fátækum blindum mönnum, sem örðugast eiga aðstöðu, hægara fyrir um að hagnýta sér útvarp.

2. gr.

Viðtækjaverzlun Íslands lætur blindravinafélaginu í té 10 viðtæki til afnota handa blindum mönnum.

Lán til blindra manna á viðtækjum þessum skulu bundin þeim skilyrðum, að hvorki umsækjandi né aðstandendur hans séu svo efnnum búnir, að þeim sé kleift að eignast útvarpsviðtæki eða fá aðgang að útvarpi. Skulu þeir ávallt sitja fyrir, sem hafa sérstakt heimili og örðugasta eiga aðstöðu.

3. gr.

Umsóknir skulu sendar Blindravinafélagi Íslands, og fylgi þeim vottorð sóknarprests og hreppsnefndaroddvita eða fátækrafulltrúa um efnahags-ástandur og heimilishætti hinna blindu manna, einnig skattframtal húsráðanda.

Stjórn blindravinafélagsins ákveður síðan hverjir af umsækjendunum skuli hljóta styrk úr sjóðnum og ennfremur hverjum skuli lána útvarpsviðtæki.

4. gr.

Skýrsla um styrkveitingar úr „Útvarpsnotasjóði blindra“ og um útlán útvarpsviðtækja, skal senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu og skrifstofu útvarpsins á ári hverju.

16

27. jan.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt þingsályktun 7. desember 1933 til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. janúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á erindisbréfi um skoðunarmenn bifreiða, frá 1. febrúar 1928.

17

31. jan.

1. gr.

3. málsgrein 5. gr. erindisbréfsins orðist svo:

Svo skal hann og gæta þess, að þeir sem heimild hafa til kennslu í bifreiðaakstri hagi kennslunni samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er þar um gildir. Ennfremur að kennslubifreiðar fullnægi settum ákvæðum.

2. gr.

3 síðustu málsgreinar 9. gr. falli niður og komi í stað þeirra ný málsgrein svo hljóðandi:

Ráðuneytið ræður skoðunarmenn í Suðurlandsumdæmi og greiðir þeim kaup samkvæmt sérstökum ákvæðum í skipunarbréfi. Á sama hátt má ráða skoðunarmenn í öðrum umdæmum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Páll Pálmason.